

4.fundur í hreppsnefnd Árneshrepps, aukafundur vegna fyrri umræðu um ársreikninga Árneshrepps fyrir árið 2019. Fundurinn er haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði kl. 14:00 föstudaginn 29.maí 2020.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Björn Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Ársreikningar sveitarfélagsins fyrir árið 2019, fyrri umræða.
 2. Fyrirhuguð umsókn um styrk úr Fjarskiptasjóði vegna ljósleiðaravæðingar, eigin framlag Árneshrepps.
-
1. Fyrri umræða um Ársreikning Árneshrepps. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf er á línunni. Farið var yfir ársreikninginn og athugasemdir ekki gerðar. Fyrri umræðu er því lokið og málinu vísað til næsta fundar.
 2. Fyrirhuguð umsókn úr fjarskiptasjóði vegna ljósleiðaravæðingar. Hreppsnefnd er sammála um að gera skuli viðauka við fjárhagsáætlun 2020 til að mæta kostnaði vegna þessa verkefnis ef einhver verður.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:10

Eva Sigurbjörnsdóttir
Guðlaugur A. Ágústsson
Úlfar Eyjólfsson
Bjarnheiður J. Fossdal
Björn Torfason